




HÁSKÓLI ÍSLANDS

SJÁLFBÆRNI- OG UMHVERFISSTEFNA


Endurskoðuð drög

Allyson Macdonald
Karl Benediktsson
Kristín Þóra Jökulsdóttir
Ólafur Páll Jónsson
Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl


SKILNINGUR Á SJÁLFBÆRNI




Áður en sjálfbærni hugtakið kom til sögunnar var gjarnan litið svo á að hinn efnahagslegi grunnur væri það sem mestu máli skipti. Rækjust hagsmunir samfélags og náttúru á við hagræn sjónarmið yrðu þeir að víkja.




Í Brundtland-skýrslunni, sem kom út 1987, er *sjálfbær þróun* skilgreind sem „þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.“ Áherslan er á að sjónarmið samfélags og náttúru standi jafnfætis þeim efnahagslegu.



Með heilsteyptari skilningi á *sjálfbærni* er lögð áhersla á að efnahagslíf og samfélag séu hluti af lokuðu kerfi. Vöxtur getur ekki farið út fyrir þau endanlegu takmörk sem náttúran setur. Auðlindir eru takmarkaðar og getu umhverfisins til að viðhalda lífsnauðsynlegum ferlum verður því auðveldlega raskað.



Almennt er nú viðurkennt að núverandi framgangi mannsins á jörðinni beri skýr merki ósjálfbærni. Hugmyndir fólks í ríkari hlutum heimsins um „hið góða líf“ hafa leitt til neyslu sem er langt umfram það sem jörðin getur staðið undir. Þótt hluti mannkyns noti auðlindir og umhverfi jarðar í óhófi bera aðrir skarðan hlut frá borði.



Verkefni jarðarbúa felst í því að breyta hugsun sinni og athöfnum þannig að takmörk náttúrunnar séu virt bæði í orði og verki. Í þessu felst kjarni hugtaksins *sjálfbærni*.

HÁSKÓLI ÍSLANDS, SJÁLFBÆRNI OG UMHVERFISMÁL

Sjálfbærni er víðfeðmt hugtak. Það snertir ekki einvörðungu umhverfismál, heldur einnig félagslegt réttlæti, heilsu og velferð, menningarmál og efnahagslíf. Að baki því býr vitund um þau takmörk sem náttúran setur umsvifum fólks. Einnig felst í hugtakinu viðurkenning á því að mannkyn allt stendur frammi fyrir flóknu samfélagslegu verkefni ef takast á að sætta hugmyndir fólks og væntingar um „hið góða líf“ við takmörk náttúrunnar.

Í stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 kemur fram að háskólinn muni setja sér metnaðarfulla umhverfisstefnu og vilji auka skilning og þekkingu fólks á sjálfbærni jafnt innan skólans sem utan. Háskólinn getur stuðlað að aukinni sjálfbærni með þrennum hætti: Í fyrsta lagi stuðlar þekkingarleitinn sjálf og starf kennara og nemenda innan skólans að sjálfbærni. Í öðru lagi gegnir skólinn mikilvægu hlutverki í að tengja vísindalega þekkingu við samfélagið á ábyrgan hátt. Í þriðja lagi getur skólinn lagt sitt af mörkum með því að huga að sínu eigin skipulagi, rekstri og heildarstefnu.

Sem öflug og alhliða rannsóknastofnun getur Háskóli Íslands aukið við þekkingu og skilning á sviði sjálfbærni á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Öll fimm fræðasvið háskólans koma þar við sögu. Nú þegar má finna fjölbreytt viðfangsefni af þessu tagi í rannsóknum og kennslu við skólann. Menntun og rannsóknir á sviði sjálfbærrar þróunar kalla oft á þverfræðilega nálgun og samvinnu um leið og dýpt og sérþekking er sótt í einstakar fræðigreinar á öllum fræðasviðum.


Akademísku frelsi til rannsókna fylgir siðferðileg ábyrgð gagnvart náttúru og íbúum landsins, sem og gagnvart jörðinni allri og jarðarbúum. Í ljósi þess að skilningur á sjálfbærnihugtakinu er enn í mótun, þekking á sjálfbærni eykst og nýjar upplýsingar koma fram í sífellu, þurfa háskólaborgarar að veða og meta val sitt á viðfangsefnum.

Þýðingarmikið er að niðurstöður vísindarannsókna á sviði sjálfbærni finni sér farveg út fyrir veggi Háskóla Íslands, þannig að skólinn og samfélagið geti unnið saman á markvissan og árangursríkan hátt. Starfsfólki og nemendum ber siðferðileg skylda til að taka þátt í verkefnum, umræðu og stefnumótun um sjálfbærni á Íslandi og alþjóðlega.

Háskóli Íslands þarf að búa starfi að sjálfbærni og umhverfismálum trausta umgjörð með formlegum hætti til að samhæfa verkefni, hvetja til frekari aðgerða og fylgjast með árangri. Í þessu skyni eru í sjálfbærni- og umhverfisstefnu skólans sett fram markmið sem taka til átta efnisflokka. Hver efnisflokkur tengist tiltekinni hlið á hinu þríþætta hlutverki háskólans (sjá mynd hér að neðan).

Á næstu síðum verður fjallað sérstaklega um hvern efnisflokk. Sett eru fram markmið, skilgreindar leiðir og vísar til mats á árangri og tilgreindir ábyrgðar-aðilar. Aftast er lagður fram matsrammi sem svið og einingar skólans geta notað til að meta stöðu sína og setja sér markmið til framtíðar.

Rannsóknir og kennsla	1 Rannsóknir	2 Kennsla og námsframboð	3 Nám og kennsluhættir
Samfélagsleg ábyrgð	4 Daglegt líf háskólaborgara	SJÁLFBÆRNI	5 Samfélags-tengsl
Innra skipulag og rekstur	6 Skipulag, hönnun og rekstur	7 Starfsþróun og hvatning	8 Heildarstefna



1 RANNSÓKNIR

Eitt aðalmarkmiðið í stefnu Háskóla Íslands er að efla rannsóknir. Sjálfbærnihugtakið og þær stoðir sem það hvílir á – vernd og nýting umhverfis, velferð fólks, ábyrgt efnahagslíf og menningarleg og siðferðileg tilvist mannsins – eru mikilvæg rannsóknasvið sem háskólanum ber að sinna á metnaðarfullan hátt vilji hann standa undir nafni sem rannsóknaháskóli á 21. öld. Vísindastarf innan stofnunarinnar snertir nú þegar margt sem tengist sjálfbærni. Nauðsynlegt er að skoða vandlega hvernig unnt er að efla enn frekar núverandi rannsóknir sem tengjast sjálfbærni, jafnframt því að skapa meiri breidd í rannsóknum sem varða þessi málefni og fitja upp á nýjum og fjölbreyttum verkefnum.

Markmið

> Fræðasvið, deildir og rannsóknastofnanir greini og meti möguleika sína til að efla rannsóknir á sviði sjálfbærni.

Leiðir

> Gerð verði skrá yfir fýsileg verkefni, markmið með þeim og mögulega þátttakendur.

Vísar

> Skrá liggja fyrir í maí 2013.

Ábyrgð

> Vísindasvið, forsetar fræðasviða, deildarforsetar, forstöðumenn rannsóknastofnana.

Markmið

> Fjölgun þverfræðilegra viðfangsefna sem tengjast sjálfbærni í rannsóknaverkefnum framhaldsnema.

Leiðir


> Nemendur í framhaldsnámi fá ábendingar um viðfangsefni tengd sjálfbærni og aðstoð við að finna leiðbeinendur sem eru tilbúnir að taka að sér sameiginlega leiðsögn.


Vísar

> Listi með upplýsingum um verkefni sem tengjast sjálfbærni.
> Fjöldi verkefna sem fjalla um sjálfbærni.

Ábyrgð

> Leiðbeinendur, deildarforsetar, vísindasvið.





2 KENNSLA OG NÁMSFRAMBOÐ

Háskóli Íslands ber ábyrgð á því að nemendur sem ljúka þaðan námi hafi trausta þekkingu og trú á mikilvægi sjálfbærnihugsunar, sem og hæfni til að taka virkan þátt í þróun samfélagsins í átt til sjálfbærni, bæði í faglegu starfi og persónulegu lífi. Á flestum sviðum hefur faglegt starfsumhverfi háskólamenntaðs fólks tekið miklum breytingum á undanförunum árum og skilningur á sjálfbærni og umhverfismálum, sem byggist á gagnrýninni hugsun, þverfræðilegum efnistöfum og siðferðilegri dómgreind, verður sífellt mikilvægari. Námsframboð við skólann þarf að taka mið af þessu og æskilegt er að nemendur á öllum sviðum og námsbrautum fái fræðslu á þessu sviði. Dýpri umfjöllun um sjálfbærni og tengd fræðasvið þarf einnig að standa öllum til boða og koma fram í hæfniviðmiðum námskeiða og námsbrauta. Einnig þarf að bjóða sérstakt nám um sjálfbærni og umhverfismál, sem lýkur með háskólagráðu.

Markmið

- > Sjálfbærnihugsun og umhverfismál verði sett á dagskrá í upphafi náms allra þeirra sem innritast í Háskóla Íslands.

Leiðir

- > Við móttöku nýnema verði ákveðinn tími tekinn til umræðu um sjálfbærni og umhverfismál, þar sem ábyrgð nemenda er áréttuð.
- > Könnun verði gerð á skilningi og viðhorfum nemenda til sjálfbærni og umhverfismála í lok fyrsta námsárs.

Vísar

- > Sjálfbærni sem efnisatriði í dagskrá nýnemakynninga.
- > Útkoma könnunar.

Ábyrgð

- > Sviðsforsetar, umsjónarmenn nýnemakynninga.

Markmið

- > Þeir nemendur sem áhuga hafa geti dýpkað þekkingu sína og hæfni til að fjalla um sjálfbærni og umhverfismál frá þverfræðilegum sjónarhóli.

Leiðir

- > Þverfræðileg inngangsnámskeið um sjálfbærni, umhverfismál og siðfræði verði í boði sem valnámskeið fyrir alla nemendur, og verði metin til eininga á öllum námsbrautum.
- > Hæfniviðmið um sjálfbærni og umhverfismál verði hluti af öðrum námskeiðum þar sem það á við.


Vísar

- > Inngangsnámskeið um sjálfbærni, umhverfi og siðfræði í kennsluskrá.
- > Fjöldi námskeiða þar sem sjálfbærni og umhverfismál eru hluti af námskeiðslýsingu og hæfniviðmiðum.

Ábyrgð

- > Forsetar fræðasviða, deildarforsetar, formenn námsbrauta, umsjónarmenn námskeiða.





3 NÁM OG KENNSLUHÆTTIR

Reynslan sýnir að aðferðir við nám og kennslu skipta ekki síður máli en kennslufnið sjálft. Þetta kemur skýrt í ljós þegar unnið er með sjálfbærni og umhverfismál. Þróun samfélagsins í átt til aukinnar sjálfbærni verður að veruleika með virkri þátttöku nemenda og því að þeir taki ábyrgð á eigin gjörðum. Þessu má ná fram með aukinni áherslu á þátttöku nemenda – viðleitni til að efla virkni þeirra og ábyrgðartilfinningu gagnvart námi og starfi, auk þess sem þeir eiga kost á að velja sjálfir viðfangsefni og taka þátt í að ákveða hvernig þekkingar er aflað og henni miðlað. Fjölbreytni í hópi nemenda gerir nýjar kröfur. Tryggja þarf að hæfniviðmið falli vel að markmiðum sjálfbærnimenntunar. Háskóli Íslands verður að tvinna saman sjálfbærnisvísun og breytta kennsluhætti vegna þess að með virkri þátttöku nemenda verða gjarnan til nýjar hugmyndir og lausnir.

Markmið

> Háskóli Íslands efli miðlun upplýsinga um kennsluáðferðir og verklag sem hefur reynst vel á sviði sjálfbærni- og umhverfismenntunar.

Leiðir

> Hvert fræðasvið leggi til efni um kennsluáðferðir og verklag í rafrænan gagnabanka.

Vísar

> Gagnabanki verði opnaður í maí 2013.

Ábyrgð

> Kennslumiðstöð í samráði við deildarforseta.

Markmið

> Háskóli Íslands auki vægi þátttökunáms.

Leiðir

> Kennarar noti verklag sem eykur þátttöku og virkjar nemendur.

Vísar

> Upplýsingar úr kennsluskra um kennsluhætti og námsmat.


> Viðhorfskönnun meðal nemenda.

> Upplýsingar úr kennslukönnun.

Ábyrgð

> Kennslustjóri, forsetar fræðasviða, deildarforsetar, kennarar, nemendur.





4 DAGLEGT LÍF HÁSKÓLABORGARA

Háskólinn er samfélag nemenda og starfsfólks og einn stærsti vinnustaður landsins. Hversdagslegar ákvarðanir sem háskólaborgarar taka í daglegu lífi sínu – um neyslu, samgöngur, samskipti og fleira – ráða miklu um frammistöðu skólans á sviði umhverfismála og sjálfbærni. Þetta hefur einnig áhrif á heilbrigði og líðan starfsfólks og nemenda. Gera þarf eins auðvelt og hagkvæmt og unnt er að velja umhverfivæna kosti og stuðla að aukinni sjálfbærni. Beita má hagrænum hvötum auk vitundarvakningar og almennrar viðhorfsbreytingar í háskólasamfélaginu.

Markmið

- > Háskóli Íslands ýti undir að starfsmenn og nemendur ferðist til og frá skólanum á umhverfivænan máta.

Leiðir

- > Aðbúnaður fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur á háskólalóðinni verði bættur.
- > Undirbúin verði gerð samgöngusamninga við starfsfólk.
- > Samkomulag verði gert við Strætó um hagstæð kjör fyrir nemendur.
- > Gjaldtaka fyrir bílastæði verði aukin smátt og smátt og bílastæðum fækkað.

Vísar

- > Hlutfall umhverfivænna ferðamáta í árlegum ferðavenjukönnunum.
- > Flatarmál lands sem notað er fyrir bílastæði.
- > Aðstaða fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur, s.s. stígar og sturtuáðstaða.

Ábyrgð

- > Framkvæmda- og tæknisvið, Stúdentaráð.

Markmið

- > Háskóli Íslands veki athygli starfsfólks og nemenda á því hvernig ákvarðanir þeirra í daglegu lífi innan háskólasamfélagsins hafa áhrif á vistspor þeirra.

Leiðir

- > Komið verði upp vefsíðu með reiknivél fyrir „vistspor háskólaborgarans“.


Vísar

- > Fjöldi heimsóknna á vefsíðu.

Ábyrgð

- > Markaðs- og samskiptasvið í samráði við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum.





5 SAMFÉLAGSTENGL

Í stefnu Háskóla Íslands eru áréttaðar þær margvíslegu skyldur sem skólinn hefur að gegna við samfélagið í heild. Á sviði sjálfbærni og umhverfismála snúast þessar skyldur ekki einungis um öflun og miðlun þekkingar frá háskóla til samfélags, heldur einnig um að rækta gagnvirk tengsl þar sem úrlausnarefnin sem samfélagið glímir við finna sér farveg inn í háskólastarfið. Í tengslum við nám sitt þurfa nemendur að fá tækifæri til að vinna með fyrirtækjum, samtökum eða stofnunum að verkefnum tengdum sjálfbærni. Kennarar og aðrir starfsmenn þurfa einnig að leggja sitt af mörkum til þess að vinna að aukinni sjálfbærni með samvinnu við önnur skólastig, fyrirtæki, samtök eða stofnanir í samfélaginu. Símenntun er einn þáttur í þessu. Síðast en ekki síst ætti skólinn að leitast við að kynna sem best öll verkefni og rannsóknir er varða sjálfbærni.

Markmið

- > Háskóli Íslands taki þátt í skólaþróun sem varðar sjálfbærni og umhverfismál.

Leiðir

- > Lögð verði áhersla á símenntun fyrir starfsfólk skóla, framhaldsnám og ráðgjöf.

Vísar

- > Fjöldi verkefna og námskeiða á ári sem skólinn tekur þátt í.

Ábyrgð

- > Menntavísindasvið í samvinnu við önnur fræðasvið.

Markmið

- > Háskóli Íslands auki símenntun á sviði sjálfbærni og umhverfismála.

Leiðir

- > Starfsfólk skólans vinni með opinberum aðilum, fyrirtækjum í einkarekstri og fagfélögum að uppbyggingu námskeiða.

Vísar

- > Fjöldi símenntunarnámskeiða um sjálfbærni og umhverfismál sem skólinn býður.
- > Fjöldi þátttakenda á námskeiðum.

Ábyrgð

- > Endurmenntun HÍ í samvinnu við fræðasvið.

Markmið

- > Háskóli Íslands stuðli að fjölgun nemendaverkefna sem unnin eru á vettvangi í samstarfi við fyrirtæki, samtök, sveitarfélög og stofnanir.

Leiðir


- > Samningar verði gerðir um nemendaverkefni við ýmis fyrirtæki, samtök, sveitarfélög og stofnanir.
- > Rannsóknasetur Háskóla Íslands beini upplýsingum um möguleg nemendaverkefni á starfssvæðum sínum til fræðasviða.

Vísar

- > Fjöldi samninga um samvinnu og nemendaverkefni við fyrirtæki, samtök og stofnanir.

Ábyrgð

- > Einstakir kennarar, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands.



6 SKIPULAG, HÖNNUN OG REKSTUR

Umhverfisáhrif af rekstri stórrar stofnunar á borð við Háskóla Íslands eru mikil. Áherslur skólans á sjálfbærni birtast hvað skýrast í innra umhverfi í byggingum hans, í skipulagi háskólasvæðisins og tengslum þess við ytra umhverfi. Háskólinn leggur áherslu á vistvæna hönnun nýbygginga samkvæmt viðurkenndum stöðlum. Mikilvægt er að skólinn taki upp viðurkennt umhverfisstjórnunarkerfi og að daglegur rekstur hans verði í sífelldri endurskoðun með sjálfbærnisjónarmið að leiðarljósi. Skipulag og hönnun hefur einnig áhrif á líðan og heilsu fólks. Ytri umgjörð bygginga má gera vistlegri til útiveru og huga þarf að svæðum þar sem nemendur og starfsfólk getur sest niður og notið útiveru, samveru og sólar. Með því að allar mat- og kaffistofur noti fyrst og fremst umhverfis- og samfélagsvottuð aðföng og fjölnota búnað og áhöld myndi skólinn sýna gott fordæmi í samfélaginu.

Markmið

> Nýbyggingar Háskóla Íslands verði hannaðar á vistvænan hátt.

Leiðir

> Allar nýbyggingar verði hannaðar út frá viðurkenndum stöðlum um vistvæna hönnun.

Vísar

> Byggingar þar sem viðurkenndum stöðlum hefur verið fylgt.

Ábyrgð

> Framkvæmda- og tæknisvið, byggingarnefndir nýbygginga.

Markmið

> Háskólasvæðið verði gert vistlegra.

Leiðir

> Reitum þar sem fólk getur notið útiveru verði fjölgað.

> Göngustígar verði bættir, sem og gönguleiðir á milli bygginga.

Vísar

> Fjöldi útivistarreita á háskólasvæðinu.

> Ástand göngustíga og gönguleiða.

Ábyrgð

> Framkvæmda- og tæknisvið.

Markmið

> Dregið verði úr sormagn sem fellur til í Háskóla Íslands og flokkun sorps gerð markvissari.

Leiðir

> Gott aðgengi verði að áberandi sorphlokkunarílátum í öllum byggingum skólans.

> Fræðsla um sorphlokkunarkerfi skólans fari fram á öllum nýnemakynningum og við móttöku nýrra starfsmanna.


> Upplýsingagjöf um frammistöðu skólans í sorphlokkun fer fram á sérstöku svæði um umhverfismál á vef skólans.


Vísar

> Tölur um sormagn og hlutfall blandaðs sorps á móti flokkuðu sorpi.

Ábyrgð

> Framkvæmda- og tæknisvið, rekstrarstjórar fræðasviða, umsjónaraðilar nýnemakynninga, Stúdentaráð, Félagstofnun stúdenta.





7 STARFSÞRÓUN OG HVATNING

Meðal áherslna í mannauðsstefnu Háskóla Íslands er að gefa starfsfólki tækifæri til að þróast í starfi og efla starfshæfni sína. Með þetta að leiðarljósi og með hliðsjón af mikilvægi sjálfbærni og umhverfismála er nauðsynlegt að tryggja að framlag starfsfólks til þessara mála verði metið að verðleikum. Þetta gildir um verk akademískra starfsmanna í rannsóknum og kennslu, en ekki síður um framlag annars starfsfólks. Æskilegast er að starfsmenn Háskóla Íslands geti nýtt hluta af vinnuskyldu sinni til að þróa nýjungar á sviði umhverfis- og sjálfbærnimála í rannsóknum, kennslu eða öðru starfi.

Markmið

> Háskóli Íslands geri kennurum og starfsfólki kleift að auka þekkingu sína og hæfni til að fjalla um málefni tengd sjálfbærni og umhverfi.

Leiðir

> Fyrirlestrar og námskeið um sjálfbærni og umhverfismál fyrir kennara og starfsfólk.

Vísar

> Fjöldi fyrirlestra og námskeiða um sjálfbærni og umhverfismál og þátttaka í þeim.

Ábyrgð

> Forsetar fræðasviða, sviðsstjórar stjórnslusviða, rekstrarstjórar fræðasviða.

Markmið

> Háskóli Íslands hvetji kennara og annað starfsfólk til að láta til sín taka í umræðu um sjálfbærni- og umhverfismál innan skólans sem utan.

Leiðir

> Árlega eru fimm áhugaverð verkefni á sviði sjálfbærni- og umhverfismála innan skólans kynnt sérstaklega og einu þeirra veitt viðurkenning.


Vísar

> Framlag kennara er skráð í árlegt framtal akademískra starfsmanna og upplýsingum safnað saman úr starfsmannasamtölum annarra starfsmanna.

Ábyrgð

> Forsetar fræðasviða, sviðsstjórar stjórnslusviða, rekstrarstjórar fræðasviða.





8 HEILDARSTEFNA

Sjálfbærni- og umhverfisstefna Háskóla Íslands er samin með alla háskólaborgara í huga – jafnt nemendur sem starfsfólk – og allar einingar skólans. Háskóli Íslands stefnir hátt, en til að ná árangri á sviði sjálfbærni og umhverfismála þarf samvinna og sameiginleg ábyrgð að vera lykilstef. Yfirstjórn skólans þarf að staðfesta skuldbindingar hans á sviði sjálfbærni og umhverfismála með því að samhæfa starf mismunandi sviða og deilda í þessum málaflokki. Skýr viðmið þarf að setja fyrir rannsóknir, nám og kennslu, rekstur og aðra þætti með tilliti til sjálfbærni á grundvelli samþykkrar stefnu. Tryggja verður að hinum fjölbreyttu viðfangsefnum sem felast í stefnunni sé sinnt af þeim sem bæði hafa til þess skýrt umboð og einnig bjargir sem duga. Að endingu ber að undirstrika að málefni sjálfbærni og umhverfis eru hnattræn í eðli sínu og skólinn getur lagt sitt af mörkum með því að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og gerast aðili að alþjóðlegum sáttmálum.

Markmið

- > Samspil milli stefnumótunar yfirstjórnar háskólans, fræðasviða, deilda og stofnana verði tryggt til að sameiginleg ábyrgð sé öxluð og samráð sé haft um lausnir.

Leiðir

- > Sett verði á fót starfsnefnd um sjálfbærni og umhverfismál með fulltrúum allra fræðasviða og úr miðlægri stjórnsýslu.

Vísar

- > Starfsnefnd háskólaráðs skipuð á þriðja ársfjórðungi 2012.

Ábyrgð

- > Háskólaráð, rektor.

Markmið

- > Háskóli Íslands skuldbindi sig til að vinna að málefnum sjálfbærni og umhverfisverndar.

Leiðir

- > Háskóli Íslands gerist aðili að Talloires-yfirlýsingunni.*
- > Einstök fræðasvið sækja um Grænfánann.**

Vísar

- > Undirritun Talloires-yfirlýsingarinnar.
- > Tímaáætlun vegna umsóknar um Grænfánann liggur fyrir á hverju fræðasviði.

Ábyrgð

- > Rektor, forsetar fræðasviða.

* http://www.ulsf.org/programs_talloires.html.

**<http://www.landvernd.is/graenfaninn/default.asp>.

Markmið

- > Sérhvert fræðasvið og aðrar einingar meti reglulega stöðu sína í þeim efnisflokkum sem stefna þessi tekur til.

Leiðir

- > Sjálfsmat verði gert árlega með hjálp matsramma sem hver eining lagar að þörfum sínum.

Vísar

- > Staðsetning skipulagseininga í hverjum hinna átta efnisflokka.

Ábyrgð

- > Starfsnefnd Háskóla Íslands, forsetar fræðasviða.



RAMMI TIL SJÁLFSMATS

Í sjálfbærni- og umhverfistefnu Háskóla Íslands er fléttað saman hugmyndafræði og framkvæmd. Trúverðugleiki stefnunnar verður þeim mun meiri sem samvirkni milli hinna fjölmörgu skipulagseininga háskólans eykst. Háskólasamfélagið er afar fjölbreytt og sýn mismunandi eininga á sjálfbærni á eftir að mótast nánar í vinnu þeirra.

Til að auðvelda framkvæmd stefnunnar er áhersla lögð á sjálfsmat. Útbúinn hefur verið sérstakur matsrammi (sjá næstu síðu) í því skyni að auðvelda fræðasviðum og öðrum skipulagseiningum að greina stöðu sína og framvindu í átt að aukinni sjálfbærni. Matsramminn skiptist í dálka sem svara til hinna átta efnisflokka stefnunnar. Staða mála í hverjum efnisflokki er skilgreind miðað við fjögur þrep.

Efst í hverjum efnisflokki matsrammans er lýst þeirri stöðu sem æskileg væri („óskastaða“) og á að endurspeglar langtímamarkmið skólans. Til að komast í þá stöðu þarf að uppfylla skilyrði sem fram koma í þremur undirbúningsþrepum (stöðu I, II og III). Sjálf óskastaðan er ætíð til endurskoðunar.

Mælt er með því að hvert fræðasvið, stofnun og eining lagi matsrammann að eigin aðstæðum og noti til að meta eigin stöðu í sjálfbærni og umhverfismálum. Í framhaldi af því getur einingin gert áætlun um hvaða skref þurfi að taka til að komast nær óskastöðunni. Lagt er til að þetta sé gert árlega á næstu 3–4 árum þannig að skólanum miði áfram sem heild. Ábyrgð og frumkvæði er þannig dreift, án þess að við missum sjónar á sameiginlegum markmiðum.



Sjálfbærni og umhverfi – Rammi til sjálfsmats

Óskastaða	Öflugar rannsóknir á sjálfbærni og umhverfismálum eru stundaðar á mörgum sviðum, oft í samstarfi við aðila utan háskólans eða erlenda háskóla.	Fjallað er um hugtök tengd sjálfbærni á öllum námsbrautum. Þverfræðilegt nám af ýmsu tagi um þessi efni er í boði bæði á grunn- og framhaldsstigi.	Áhugi og þarfir nemenda ráða miklu um efnistöð í námskeiðum. Áhersla er lögð á þáttökunám og nám byggt á beinni reynslu nema.	Starfsfólk og nemendur verða dags daglega varir við það að háskólinn er í fararbroddi hvað varðar sjálfbærni í íslensku samfélagi. Starfsfólki og nemendum sem nýta umhverfisvæna ferðamáta er markvisst umbunað. Samgöngusamningar gerðir við starfsfólk.	Fræðasvið, stofnanir og deildir hafa frumkvæði að verkefnum sem styrkja tengsl skólans við samfélagið og sem ætlað er að stuðla að sjálfbærni bæði í nærsamfélaginu og á alþjóðlegum vettvangi.	Háskólinn hefur tekið upp viðurkennt umhverfisstjórnunarkerfi fyrir rekstur bygginga og annarrar starfsemi. Áhersla er lögð á að nota umhverfis- og samfélagsvottuð aðföng og fjölnota búnað og áhöld í öllum rekstri.	Framlag starfsfólks til umhverfismála og sjálfbærni í akademísku starfi eða öðru starfi innan skólans eða úti í samfélaginu er metið að verðleikum og því er umbunað fyrir það.	Háskólinn hefur staðfest skuldbindingar sínar á sviði umhverfismála og sjálfbærni, bæði alþjóðlega og innanlands.
Staða III	Akademískir starfsmenn og rannsóknanemar mynda rannsóknahópa í kringum tiltekin viðfangsefni á sviði sjálfbærni og umhverfis.	Tilteknar námsbrautir tengjast sérstaklega málefnum sjálfbærni. Stök námskeið um sjálfbærni eru í boði á hverju sviði og eru þau opin nemendum af öðrum sviðum.	Efnistöð í námskeiðum sem fjalla um sjálfbærni og umhverfi ráðast að hluta af þörfum og áhuga nemenda. Oft er um þáttökunám að ræða og/eða þjónustu við samfélagið utan háskólans.	Rekstur allra stúdentagarða er skipulagður með sjálfbærni og umhverfismál að leiðarljósi. Nemendur og starfsfólk á kost á að nýta almennings- samgöngur á góðum kjörum.	Svið og deildir taka þátt í ýmsum verkefnum í nærsamfélaginu, sem styrkja tengsl skólans við fyrirtæki sem starfa í anda sjálfbærni.	Allar nýbyggingar eru hannaðar eftir viðurkenndum umhverfisstöðlum. Einnota umbúðir og áhöld eru ekki nýtt á mat- og kaffistofum.	Öllum starfsmönnum eru veitt tækifæri í vinnutíma sínum til að taka þátt í starfi sem eflir sjálfbærni.	Viðmið hafa verið sett fyrir rannsóknir, kennslu, kennsluhætti og rekstur með tilliti til sjálfbærni. Aðgerða-áætlun um framkvæmd stefnunnar hefur verið samþykkt. Árangursmælikvarðar hafa verið skilgreindir og árlega er gerð stöðuskýrsla.
Staða II	Akademískir starfsmenn vinna saman að rannsóknum á sviði sjálfbærni og umhverfismála og stöku nemar í rannsóknanámi fást við verkefni af slíku tagi.	Nokkur námskeið tengjast málefnum sjálfbærni sérstaklega. Nemendur geta sótt slík námskeið óháð fræðasviðum. Fjallað er um efni tengt sjálfbærni í einhverjum námskeiðum á öllum sviðunum fimm.	Þegar málefni er tengjast sjálfbærni og umhverfi eru rædd er tekið tillit til þarfa og áhuga nemenda. Í námi sem snertir þessi mál fá þeir einhverja reynslu utan háskólans, á vettvangi náttúrunnar eða úti í samfélaginu.	Starfsfólki og nemum er gert kleift að temja sér starfshætti sem stuðla að sjálfbærni og umhverfisvitund í námi og starfi. Aðstaða er fyrir hendi í háskólanum fyrir þá sem hjóla eða ganga.	Háskólinn kemur að myndun tengslaneta milli stofnana, fyrirtækja og annarra aðila sem vinna að öflun upplýsinga um sjálfbærni og miðla þeim. Stutt er markvisst við ráðstefnur um efnið og kennara- og nemendaskipti.	Markvisst er hugað að sjálfbærni í skipulagningu og hönnun háskólasvæðisins. Reynt er að halda notkun einnota umbúða og áhalda á mat- og kaffistofum í lagmarki. Allt sörp innan háskólans, sem og á stúdentagörðum, er flokkað.	Ýmiss konar stuðningur er til staðar fyrir þá sem hafa frumkvæði að því að vinna að sjálfbærni með því að breyta núverandi starfsháttum eða efla það starf sem fyrir er.	Sérstök stefna um sjálfbærni og umhverfismál hefur verið mótuð og samþykkt af þar til bærum aðilum. Áætlun liggur fyrir um framkvæmd hennar. Allar nýbyggingar eru hannaðar samkvæmt stöðlum um vistvæna hönnun.
Staða I	Rannsóknaverkefni einstakra akademískra starfsmanna snerta sjálfbærni og umhverfi.	Efnisþættir er varða sjálfbærni og umhverfismál eru hluti af tilteknum námskeiðum.	Mikilvægi sjálfbærni og umhverfismála er kynnt fyrir nýnemum og upplýsingum um þessi efni er miðlað með fyrirlestrum sérfræðinga.	Almennar upplýsingar um sjálfbærni og umhverfismál eru öllum aðgengilegar. Starfsfólk og nemar hafa aðgang að umhverfisvænum samgöngum.	Einstakir starfsmenn vinna að álitstærðum og úttektum um sjálfbærni og umhverfismál fyrir opinberar stofnanir og einkageirann.	Viðleitni til sjálfbærni í rekstri er sýnileg starfsfólki og nemendum, svo sem flokkun sorps og pappírs-sparnaður.	Einstaklingar, sem vilja taka þátt í verkefnum sem tengjast sjálfbærni og umhverfi, og starfseiningar, sem hvetja starfsfólk til að taka þátt í slíku starfi, fá til þess almenna hvatningu.	Í opinberri stefnu háskólans og stofnana hans koma fram markmið sem varða sjálfbærni og umhverfismál.
	1. Rannsóknir	2. Kennsla og námsframboð	3. Nám og kennsluhættir	4. Daglegt líf háskólaborgara	5. Tengsl við samfélagið	6. Skipulag, hönnun og rekstur	7. Starfsþróun og hvatning	8. Heildarstefna